

## Undirbúningur félagsfundar

Aðalfundi Veiðifélags Árnesinga, sem haldinn var 26. mars sl, var slitið áður en öllum dagskrárliðum var lokið, með þeim skilaboðum að boðað yrði til félagsfundar, í framhaldinu. Þó var öllum lögbundnum verkefnum fundarins samkv. samþykktum félagsins lokið og því lögbundnum aðalfundarstörfum.

Tekin hefur verið ákvörðun um að boða til félagsfundar í félaginu og stefnt er á að hann verði haldinn fimmtudaginn 18. júní nk, ef, tímarammi til þess næst.

Ef félagsmenn Veiðifélags Árnesinga óska eftir að koma tillögum eða öðru efni, á dagskrá fundarins, er þeim hér með gefinn kostur á að koma þeim til stjórnar félagsins, í síðasta lagi fyrir sunnudaginn 7. Júní nk., á netfangið [helgihar@simnet.is](mailto:helgihar@simnet.is).

Fundarboð með dagskrá fundarins, verður í framhaldi af því sent út, eftir umfjöllun stjórnar.

Við viljum biðja félagsmenn að senda okkur netföng sín á [helgihar@simnet.is](mailto:helgihar@simnet.is), til að auðvelda okkur að koma út upplýsingum og taka fram fyrir hvaða landeiganda er um að ræða.

F.h. stjórnar Veiðifélags Árnesinga.

Helgi Sigurður Haraldsson formaður.